

Fundur í skólaráði Snælandsskóla 28. september 2016 haldinn í vinnuherbergi kennara kl. 08:10.

Fulltrúar í skólaráði:

Magnea Einarsdóttir, skólastjóri	Baughús 25, 112 Reykjavík	mein@kopavogur.is
Arna Björk Þórðardóttir, fulltrúi foreldra	Ástún 8, 200 Kópavogur	arnabt@islandsbanki.is
Friðrik Friðriksson, fulltrúi foreldra	Hjallabrekka 36, 200 Kópavogur	fridrik@sfs.is
Katrín Dagmar Jónsdóttir fulltrúi kennara	Langholtsvegi 144, 104 Reykjavík	kally@kopavogur.is
Berglind Bragadóttir, fulltrúi kennara	Hraunbraut 42, 200 Kópavogur	berglindpala@kopavogur.is
Ulrike Schubert, fulltrúi almennra starfsmanna	Dalsel 30, 109 Reykjavík	ulrike@kopavogur.is
Sigurður Pálmarrson, fulltrúi grenndarsamfélagsins	Drápuhlíð 24, 105 Reykjavík	sigurdurp@kopavogur.is
Halldóra Elín Einarsdóttir, fulltrúi nemenda	Álfatúni 8, Kópavogur	
Viktor Daði Vignisson, fulltrúi nemenda	Vallakór 2, Kópavogur	
Anna M. Sigurðardóttir, ritari	Álfatún 1, 200 Kópavogur	

Mætt voru: Magnea, Arna Björk, Friðrik, Kally, Berglind og Ulrike.
Annar fulltrúi nemenda, Halldóra var á fundinum.

Fundatímar og dagskrá skólaráðs í vetur

Mánuður	Verkefni
29. ágúst Kl. 15:00	Skólaráðsfundur vegna umsagnar um grenndarkynningu á Furugrund 3
31. ágúst Kl. 17:00	Almennur foreldrafundur vegna grenndarkynningar
15. september Kl. 16:00	Starfsreglur skólaráðs Skipulag funda / verkefnalisti skólaráðs
28. september Kl. 8:10	Starfsáætlun Matsskýrslur / umbótaáætlun
13. október 14:15	Samráðsfundir bekkjarfulltrúa og umsjónarkennara
15. nóvember Kl. 8:10	Fundur skólaráðs með nemendaráði
12. desember Kl. 16:00	Jólafundur
17. janúar 8:10	Skólaping / Foreldrafundur skólaráðs
9. febrúar Kl. 16:00	Skólanámskrá Gengið um skólann og skoðað hvað er í lagi og hvað þarf að bæta
14. mars Kl. 8:10	Skóladagatal
10. maí Kl. 16:00	Áætlanir næsta skólaárs
júní	Uppgjör og kaffi

Farið var yfir starfsáætlun skólans fyrir skólaárið 2016-2017 og fór fundartíminn að mestu í það verk. Starfsáætlunin var síðan samþykkt og undirrituð af fundarmönnum. Þótti hún ítarleg og vel unnin. Vetrardagskráin var einnig rædd og fundarmenn ánægðir með að skólastarfið skuli brotið upp með svo fjölbreyttum viðburðum. Kennsluáætlanir munu fara inn á Mentor undir linknum <http://www.snaelandsskoli.is/nemendur/midstig/namsvisar/>

Skólastjóri ræddi niðurstöður úr nemenda- og starfsmannakönnunum, sem voru haldnar á síðasta skólaári. Fundarmenn ræddu lítið niðurstöður nemendakönnunar enda nemendur, frekar ánægðir með skólann sinn. Enn og aftur er það heimanámið, sem kemur á óvart, það að nemendur skuli vera sáttir við heimanám, ólíkt nemendum í öðrum skólum. Nokkur umræða fór í samanburð á ólíkum niðurstöðum starfsmannakönnunar og starfsmannaviðtölum í kaflanum um innra mat í starfsáætluninni. Umbótaáætlun hefur verið unnin og settir inn fundir til að taka á þeim málum sem brenna helst á starfsmönnum. Þeir tala um mikið álag og veikindi hafa aukist til muna.

Starfsáætlun dagradvalar, Krakkaland, var einnig samþykkt og undirrituð af fundarmönnum.

Foreldrafulltrúarnir ræddu mál er komu upp á fundi foreldrafélagsins.

- Foreldraröltið er að fara af stað.
- Spurt um aðstöðu fyrir nemendur til að læra í götum á stundatöflunni.
- Samkóp býður upp á fyrirlestur 13. október fyrir foreldra um kvíða og þunglyndi barna.

Ákveðið var á fundinum að senda bæjarráði bréf vegna þess að það vantar gangbraut yfir Víðigrundina við skólann og eins er beygjan niður í Furugrundina stórhættuleg á vetrurna. Bílar hafa runnið þar til og yfir á gangbrautina þar sem margir nemendur skólans ganga hvern morgun á leið í skólann. Þessi mál hafa áður verið send bæjaryfirvöldum en engin svör fengist. Eins bólar ekkert á viðgerð á vegg við dægradvölinu, en því hefur verið lofað í nokkur ár. Að lokum á að biðja um skýringar á því, af hverju Snælandsskóli og Hörðuvallaskóli eru einu skólarnir í bænum, sem hafa ekki sparkvöll innan skólalóða sinna.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið
Anna Mjöll Sigurðardóttir